

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1334/2003 2008/EES/10/02

frá 25. júlí 2003

um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fódri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr., 9. gr. d og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkur aukefni, sem tilheyra sama flokki snefilefna, eru leyfð með vissum skilyrðum í samræmi við tilskipun 70/524/EBE með reglugerðum (EB) nr. 2316/98 ⁽³⁾, (EB) nr. 639/1999 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 2293/1999 ⁽⁵⁾, (EB) nr. 2200/2001 ⁽⁶⁾ og (EB) nr. 871/2003 ⁽⁷⁾.
- 2) Hámarksinnihald snefilefna, sem leyfð eru í fódri, hefur verið endurskoðað í ljósi aukinnar vísinda- og tækniþekkingar í því skyni að tryggja ákjósanlegustu beitingu skilyrðanna fyrir leyfi sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE.
- 3) Með tilliti til núverandi stöðu vísinda- og tækniþekkingar má draga þá ályktun að minnka beri hámarksinnihald járn, kóbalt, kopars, mangans og sink, sem leyft er í fódri í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, til að standast betur þær kröfur, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 3. gr. a þeirrar tilskipunar, einkum varðandi það að fullnægja næringarþörfum, bæta búfjárframleiðslu og draga úr skaðlegum áhrifum húsdýraáburðar og enn fremur að draga eins mikið og unnt er úr þeim skaðlegu áhrifum sem núverandi gildi sumra snefilefna hefur á heilbrigði manna og umhverfið.
- 4) Reikna verður hámarksinnihald snefilefna, sem leyfð eru í fódri, ekki aðeins með tilliti til lífeðlisfræðilegra þarfa dýra heldur einnig með tilliti til annarra þátta á borð við meðalþarfir og breytileika að því er varðar fæðuþörf, nauðsyn á að koma til móts við þarfir sem flestra dýrastofna og óhagræðis í notkun næringarefna.
- 5) Vísindanefndin um fódur (SCAN) skilaði 19. febrúar 2003 og 14. mars 2003 álit á notkun kopars og sink í fódur. Vísindanefndin um fódur dregur þá ályktun að núverandi hámarksgildi fyrir þessi snefilefni, sem leyfð eru í fódri, séu í flestum tilvikum óþarflega há að því er varðar áhrifin af aukefnunum og leggur til að gildin verði lækkuð í því skyni að laga þau að lífeðlisfræðilegum þörfum dýra.
- 6) Samkvæmt núverandi vísinda- og tækniþekkingu, einkum varðandi járn í fódri, skulu mjólkurgúsir fá 7 til 16 mg/kg af járn á dag eða 21 mg af járn á hvert kg aukinnar líkamsþyngdar til að viðhalda fullnægjandi blóðrauðastigi. Mjólk úr gyltum inniheldur að meðaltali einungis 1 mg af járn á hvern lítra. Svín, sem fá ekkert annað en mjólk, þróa því fljótlega með sér blóðleysi. Þar af leiðandi skal smágrísun gefið járn í fódurbæti, sem inniheldur mikið af járn, meðan þeir eru á spena og fá ekkert annað en mjólk.
- 7) Rétt er að kveða á um sex mánaða aðlögunartímabil til framkvæmdar nýju kröfunum og níu mánaða aðlögunartímabil til að taka úr umferð fyrirbyggjandi birgðir af fódri, merktu samkvæmt fyrri skilyrðum, sem eru sett í samræmi við tilskipun 70/524/EBE.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað skilyrðanna fyrir leyfunum fyrir aukefnunum E1 járn-Fe, E3 kóbalt-Co, E4 kopar-Cu, E5 mangan-Mn og E6 sink-Zn, sem tilheyra flokknum „snefilefni“ ⁽⁸⁾, koma hér með skilyrðin sem eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð í samræmi við tilskipun 70/524/EBE.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 26. janúar 2004. Engu að síður er heimilt, á aðlögunartímabili sem lýkur 26. apríl 2004, að nota fyrirbyggjandi birgðir af fódri, merktu samkvæmt fyrri skilyrðum, sem eru sett í samræmi við tilskipun 70/524/EBE

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 82, 26.3.1999, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB L 284, 6.11.1999, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtuð. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 125, 21.5.2003, bls. 3.

⁽⁸⁾ Skráin yfir leyfð aukefni, þ.m.t. snefilefni, er birt í Stjtuð. EB C 329/1, 31.12.2002, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 871/2003 (L 123, 21.5.2003, bls. 3).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EBE-númer	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla og lýsing	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg í heilfóðri eða í mg á dag	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
Snefilefni						
E 1	Járn-Fe	Ferrókarbónat	FeCO ₃	Sauðfé: 500 (samtals) mg/kg heilfóðurs Gæludýr: 1.250 (samtals) mg/kg heilfóðurs Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg á dag Aðrar tegundir: 750 (samtals) mg/kg heilfóðurs		Án tímamarka
		Ferróklóríð, fjórvatnað	FeCl ₂ ·4H ₂ O			
		Járnklóríð, sexvatnað	FeCl ₃ ·6H ₂ O			
		Ferrósítrat, sexvatnað	Fe ₃ (C ₆ H ₅ O ₇) ₂ ·6H ₂ O			
		Ferrófúmarat	FeC ₄ H ₂ O ₄			
		Ferrólaktat, þrívatnað	Fe(C ₃ H ₅ O ₃) ₂ ·3H ₂ O			
		Járnoxíð	Fe ₂ O ₃			
		Ferrósúlfat, einvatnað	FeSO ₄ ·H ₂ O			
		Ferrósúlfat, sjövatnað	FeSO ₄ ·7H ₂ O			
		Ferróklósamband aminósýra, vatnað	Fe(x) ₁₋₃ · nH ₂ O (x = forskautsjón aminósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni). Mólþungi 1 500 eða minni.			
E 3	Kóbalt-Co	Kóbaltasetat, fjórvatnað	Co(CH ₃ COO) ₂ ·4H ₂ O	2 (samtals)	—	Án tímamarka
		Basískt kóbaltkarbónat, einvatnað	2CoCO ₃ ·3Co(OH) ₂ ·H ₂ O			
		Kóbaltklóríð, sexvatnað	CoCl ₂ ·6H ₂ O			
		Kóbaltsúlfat, sjövatnað	CoSO ₄ ·7H ₂ O			
		Kóbaltsúlfat, einvatnað	CoSO ₄ ·H ₂ O			
		Kóbaltnítrat, sexvatnað	Co(NO ₃) ₂ ·6H ₂ O			

EBE-númer	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla og lýsing	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg í heilfóðri eða í mg á dag	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
E 4	Kopar-Ca	Kúpríkasetat, einvatnað	$\text{Cu}(\text{CH}_3\text{COO})_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$	<p>Svín</p> <p>— Smágrísir, allt að 12 vikum: 170 (samtals)</p> <p>— önnur svín: 25 (samtals)</p> <p>Nautgripir</p> <p>1. — nautgripir áður en jórtur hefst:</p> <p>— staðgöngumjólk: 15 (samtals)</p> <p>— annað heilfóður: 15 (samtals).</p> <p>2. — aðrir nautgripir: 35 (samtals).</p> <p>Sauðfé: 15 (samtals)</p> <p>Fiskur: 25 (samtals)</p> <p>Krabbadýr: 50 (samtals)</p> <p>Aðrar tegundir: 25 (samtals)</p>	<p>Eftirfarandi yfirlýsingum skal bætt við merkingar og fylgiskjöl:</p> <p>— Vegna sauðfjár: Ef styrkur kopars í fóðri er yfir 10 mg/kg: „styrkur kopars í þessu fóðri kann að valda eitrun í sumu sauðfjárkyni.“</p> <p>— Vegna nautgripa eftir að jórtur hefst: Ef styrkur kopars í fóðri er undir 20 mg/kg: „styrkur kopars í þessu fóðri kann að valda koparskort í nautgripum sem eru höfð í bithögum með miklu magni mólýbdens eða brennisteins.“</p>	Án tímamarka
		Basískt kúpríkkarabónat, einvatnað	$\text{CuCO}_3 \cdot \text{Cu}(\text{OH})_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$			
		Kúpríkkloríð, tvívatnað	$\text{CuCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$			
		Kúpríkmetónín	$\text{Cu}(\text{C}_5\text{H}_{10}\text{NO}_2\text{S})_2$			
		Kúpríkoxíð	CuO			
		Kúpríksúlfat, fimmvatnað	$\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$			
		Vatnað kúpríkklösamband amínósýrna	$\text{Cu}(\text{x})_{1-3} \cdot \text{nH}_2\text{O}$ (x = forskautsjón amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni). Mólþungi 1 500 eða minni.			
		Koparlýsínsúlfat	$\text{Cu}(\text{C}_6\text{H}_{13}\text{N}_2\text{O}_2)_2 \cdot \text{SO}_4$			31.3.2004 vegna kopar-lýsínsúlfats
E 5	Mangan-Mn	Mangan-(II)-karbónat	MnCO_3	<p>Fiskur: 100 (samtals)</p> <p>Aðrar tegundir: 150 (samtals)</p>	—	Án tímamarka
		Mangan-(II)-klóríð, fjórvatnað	$\text{MnCl}_2 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$			
		Mangan-(II)-vetnisfosfat, þrívatnað	$\text{MnHPO}_4 \cdot 3\text{H}_2\text{O}$			
		Mangan(II)oxíð	MnO			
		Mangan-(III)-oxíð	Mn_2O_3			
		Mangan-(II)-súlfat, fjórvatnað	$\text{MnSO}_4 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$			
		Mangan-(II)-súlfat, einvatnað	$\text{MnSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$			
		Vatnað mangan-(II)-klósamband amínósýrna	$\text{Mn}(\text{x})_{1-3} \cdot \text{nH}_2\text{O}$ (x = forskautsjón amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni) Mólþungi 1 500 eða minni.			
		Mangan-(II)-mangan-(III)-oxíð	$\text{MnO Mn}_2\text{O}_3$			

EBE-númer	Frufefni	Aukefni	Efnaformúla og lýsing	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg í heilfóðri eða í mg á dag	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
E 4	Sink-Zn	Sinklaktat, þrívatnað	$Zn(C_3H_5O_3)_2 \cdot 3H_2O$	Gæludýr: 250 (samtals) Fiskur: 200 (samtals) Staðgöngumjólk: 200 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals)	—	Án tímamarka
		Sinkasetat, tvívatnað	$Zn(CH_3COO)_2 \cdot 2H_2O$			
		Sinkkarbónat	$ZnCO_3$			
		Sinkklóríð, einvatnað	$ZnCl_2 \cdot H_2O$			
		Sinkoxíð	ZnO Hámarksinnihald af blýi: 600 mg/kg.			
		Sinksúlfat, sjövatnað	$ZnSO_4 \cdot 7H_2O$			
		Sinksúlfat, einvatnað	$ZnSO_4 \cdot H_2O$			
		Vatnað sinkklósamband amínósýrna	$Zn(x)_{1-3} \cdot nH_2O$ (x = forskautsjón amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni). Mólþungi 1 500 eða minni.			